

LISTIR

Tón- leikar um páskana

Fimmtudagur

Múlinn, Húsi málarans: Ómar Einarsson og Jakob Hagedorn-Olsen. Klassískir gítarar. Kl. 21.

Skálholtskirkja: Skálholtskórinn, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Anna Sigríður Helgadóttir og kammersveit. Kl. 16.

Íþróttahöllin á Akureyri: Kristján Jóhannsson og Halla Margrét Árnadóttir. Kl. 17.

Föstudagur

Hallgrímskirkja: Schola cantorum. Kl. 21.

Ísafjarðarkirkja: Sálumessa Mozarts. Hátiðarkór Tónlistarskóla Ísafjarðar, Sinfóníuhljómsveit áhugamanna. Einsöngvararnir Guðrún Jónsdóttir, Ingunn Ósk Sturludóttir, Snorri Wium og Ólafur Kjartan Sigurðarson. Kl. 20.30.

Langholtskirkja: Kór Langholtskirkju. Jóhannespassían e. Bach. Einsöngvarar eru Ólöf Kolbrún Harðardóttir, Nanna María Cortes, Þorbjörn Rúnarsson, Eiríkur Hreinn Helgason og Bergþór Pálsson. Kammersveit Langholtskirkju. Kl. 16 og kl. 20.

Mánudagur


Fríkirkjan í Reykjavík: Hlín Pétursdóttir sópran og Kári Þormar orgelleikari. Kl. 17.

Nýjar bækur

● **HLJÓÐSKRAF** er nýtt námsfni í lestri eftir **Rósu Eggertsdóttur**. Hljóðskraf – um einfaldan og tvöfaldan samhljóða. Hljóðskraf – um g og k. Hljóðskraf – um b, d og p. Námsfni er einkum ætlað þeim sem eiga við lestrar- og ritunarörðugleika að etja af skynrænum toga. Verkefni reyna á sjónskyn og heyrnarskyn; hafa að geyma samvinnu- og einstaklingsverkefni; henta til vinnu í þekk, í litlum hópum og með einstökum nemendum. Verkefni eru misþung og verkefninu fylgja lausnir. Næmendum geta fylgst með eigin framförum.

Hljóðskraf er gefið út í lausblaðamöppu og dugar hver mappa fyrir eina þekkingarheild.

Höfundur gefur út. Teikningar eru eftir Ingvar Guðnason. Námsfnið hefur hlotið styrk frá Kennarsambandi Íslands, Hagþenki og Málræktarsjóði.



A PAINTING BY PAT NELSON

Ljósmynd og texti.

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús

MYNDVERK
JOHN BALDESSARI

Opið föstudaga-miðvikudaga
11–18. Fimmtudaga 11–19.
Til 17. júní. Aðgangur
400 krónur í allt húsið.

KALIFORNÍSKI mynd- og textasmiðurinn John Baldessari, er almennt lítt þekktur á Íslandi, utan þróngs hóps listamanna á hugmyndafræðilega kantinum. Helst listspira er í lok sjöunda áratugarins og lungan af áttunda áratuginum námu erlendis, einkum Hollandi, svo og sporgöngumanna þeirra. Fyrir slíka er hann nánast goðsagnapersóna og áhrifa hans vel merkjanleg í íslenskri samtímalist af þeirri gerð sem Nýlistasafnið hefur lagt áherslu á að miðla. Varð er fram líðu stundir kennslugrein í nýlista- og seinna fjöltæknið Myndlista- og handiðaskóla Íslands. Baldessari hefur þá sérstöðu, að vera ekki sprottinn upp fullskapaður í lok sjöunda og upphafi áttunda áratugarins, eins og svo margir félagar hans og eftirkomendur, þvert á móti hafði hann tekið út umtalsverðan þroska er blómaskeið hugmyndafræðilegu listarinnar hófst, upplifði hlutina í eigin vinnu, lærði minna um þá í skóla.

Þetta þurfa menn að hafa hugfast við skoðun yfirlitssýningar á verkum listamannsins í Hafnarhúsinu. Hún er ekki endurómur af því sem verið var að gera úti í heimi á árum áður heldur mikið til lifunin sjálf. En vegna þess hve áhrif listamannsins og skoðanabæðra hafa verið sýnileg í sölum Nýlistasafnsins og raunar fleiri safna og sýningarsala á höfuðborgarsvæðinu um árabil, koma myndverk hans innviðum og áhugamönnum um nýlistir engan veginn í opna skjöldu, öllu frekar

Þreifingar og skilaboð

eru þetta hlutir sem þeir þekka og hafa meðtekið. Orðnir sigildir á söfnum, en sjást minna í listhúsum utan þeirra sem einbeita sér að markaðssetningu afmarkaðra hluta nýlista eins og íð hér í borg.

Líkt og átti sér stað um flata-málverkið, geometríuna, sem öllu ruddi út af sviðinu meðan það var og hét, valtaði hugmyndfræðilega listin, konseptið, yfir önnur gildi á áttunda áratugnum. Og svo við litum til húsagerðarlistar var nám kvæmlega sama uppi á teningum á blómaskeiði hagnýtistefnunnar, funkisstílsins, sem þoldi ekkert annað við hlið sér, þannig að þessi niðþrönga áratá er skilgetið afkvæmi tuttugustu aldarinnar. Eins og impressjónisminn fæddi af sér post-impressjónismann í lok níttjándu aldar, var postmóðernisminn rök- rétt framhald af móðernismanum, nýddada af Dada, abstrakt- expressjónisminn af expressjónismanum og Neo Geo af geometríuni en þó með nokkru tómarúmi á milli. Eitthvað hafa slíkar eftirhreytur átt sér stutta blómasögu, þó ekki alltaf eins og skeði um nýddada er kvíslaðist í ýmsar áttir. Annað mál að frumkvöðlarnir héldu í það heila sallaró- legir áfram sínum kós fram í andlát- ið, líkt og ekkert hefði í skorist, ekki um niðursöðnar og tillærðar lifanir að ræða og færstir þeirra voru hrokafullir trúboðar algilðra sann- anda. Byggðu öllu frekar list sína á reynsluheimi fortíðar með báða fæt- urna kyrfilega skorðaða í samtí- anum sem var allur á hreyfingu, með tortímandi heimstyrjöld í far-

EXAMINING PICTURES

FIRST OF ALL, WHAT DO PICTURES CONSIST OF? WHAT ARE THEY ALL ABOUT?

THERE IS NO END, IN FACT, TO THE NUMBER OF DIFFERENT KINDS OF PICTURES.

NATURALLY ARTISTS FROM TIME TO TIME HAVE STRUGGLED TO ENLARGE ON THESE LIMITATIONS AND THE HISTORY OF ART IS A SUCCESSION OF THEIR SUCCESSES AND FAILURES. SEE THE IMPRESSIONISTS, THE CUBISTS.

Dæmi um sjálfstæðan texta, ljósmynd.

slíkri listsköpun, er jafnvel upp- tendraður á stundum, en vil meina að hér hafi verið vikið af leið og ólík- um hlutum blandað saman, held mig við sigildu hugtökin og tel þörf skýrari og rökrettari aðgreininga. Og undarleg var sú áratá einstak- lingo og listhópa að segja skilið við fyrri tímaskeið, rétta einn fingur upp til himins og telja um leið sjálf- gefið að þar með væru þau dauð líkt og átti sér stað um 1970. Reyndist aðdrifaríkur og hrappalegur miskiln- ingur og hefur skilið eftir sig fjöll af ónýtri list og ótölulegan grúa ráða- villtra listamanna er svifa í lausu lofti...

-Námsferill John Baldessari er langur og athyglisverður, nam mál- un til B.A gráðu við San Diego State College 1949-53 og ýmsum listaskól- um, söfnum og háskólum til 1955, svo sem Kaliforníuháskóla, Berkely, Kaliforníuháskóla, Los Angeles. Tók að því loknu M.A. gráðu frá fyrstnefnda skólunum 1957. Loks 1957-59 í Otis Art institutit. Los Angeles og Chouinard Art Institutit, Los Angeles.

Í kjölfar þess að Baldessari upp- tendraðist af bókmenntum og heim- speki brenndi hann opinberlega öll- um málverkum sínum 1970 og hóf að vinna í því sem nú skilgreinist sem fjöltækni, þ.e. ljósmyndum, hreyfimyndum, myndböndum og textum með bókmenntalegu ívaði.

Sitthvað af þessari athafnasemi listamannsins getur að líta í sölum Hafnarhússins, en hversu heillegt yfirlit listar hans um er að ræða veit ég ekki fullkomlega. Þótt ég hafi lengi þekkt meira en vel til listar hans er þetta fyrsta mikilsháttar samsafns sem fyrir augu mín ber og virðið stór hluti verkanna af nýrri gerð.

Gefin hefur verið út ágæt skrá/ bók í tilefni framningsins, sem er samvinnuverkefni listhússins íð og Listasafns Reykjavíkur. Inniheldur víðtöl greinar, tilvitnanir og vísa fróðleiksfúsum til þeirra.

Bragi Ásgeirsson

Office 1 Superstore

Alltaf ódýrir – ekki bara stundum!

25%
hærra verð hjá Pennanum!

7.990,-

HP prentduft 74A
Verð hjá Pennanum 9.990,-

Skelfunni 17, 108 Reykjavík
Furuvöllum 5, 600 Akureyri | Sími 550 4100

OPÍÐ VIRKA DAGA KL. 9-19 • LAUGARDAGA KL. 10-16

Listaárið hafið – „Við ár- bakkann“

Blönduósi. Morgunblaðið.

INGIBJÖRG Heiðarsdóttir (Íbba) hefur opnað sýningu á leirmyndum sínum í kaffihúsinu „Við árbakkann“ á Blönduósi. Verk Íbbu eru myndir teiknaðar og málaðar í leir og með bæsuðum bakgrunni.

Ingibjörg Heiðarsdóttir er ættuð frá Vestmannaeyjum en hefur búið á Akureyri síðast- liðin 20 ár og rekið þar gallerí. Ingibjörg hefur sótt mörg nám- skeið í listgrein sinni en segja má að hún sé sjálfmenntuð í



Morgunblaðið/Jón Sigurðsson

Eitt af verkum Íbbu á sýningunni Við árbakkann á Blönduósi.

leirmyndagerðinni. Ingibjörg hefur haldið fjölda námskeiða þar sem unnið er með leir og trölladeig.

Einnig hefur hún leiðbeint í

kransagerð og þurrblóma- skreytingum.

Sýningu Ingibjargar í kaffi- húsinu Við árbakkann lýkur 30. apríl.

Málverka- sýning á Húsavík

Húsavík. Morgunblaðið.

NÚ stendur yfir málverkasýning Ingvars Þorvaldssonar í Safnahúsinu á Húsavík.

Ingvar sýnir 24 olíumyndir og 23 vatnslitamyndir. Sýningin hefur verið vel sótt fram til þessa en henni lýkur á annan í páskum.

Ingvar Þorvaldsson er fæddur á Húsavík árið 1938, hann útskrifaðist sem húsamalari frá Iðnskólunum í Reykjavík árið 1962.

Ingvar sótti myndlistarnám í Myndlistarskólann á Freyjugötu og Myndsýn. Að öðru leyti er hann sjálfmenntaður í myndlist.

Hann hefur haldið 36 einkasýning- ar víða um land ásamt fjölda sam- sýninga.